

**Nd.**

**450. Frumvarp**

til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkauptún.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

**1. gr.**

Ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 150,000 — eitt hundrað og fimtíu þúsund — króna lán, er hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps kann að fá til hafnargerðar.

**2. gr.**

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða unDIR brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðarkauptúns. Nú vill annarhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, er matsgjörð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Siglufjarðarkauptúns. Landsjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem um ræðir í grein þessari.

### 3. gr.

Meðfram strandlengjunni umbverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema samþykki hreppsnefndar og Stjórnarráðs komi til.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð Stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 10—200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

### 4. gr.

Þau afskifti, sem sýslunefndir eftir gildandi lögum hafa af hafnarmálum sjerstakra hreppa í sýslufjelaginu, falla burt að því er Hvanneyrarhrepp snertir. Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands.

### 5. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er hreppsnefndin kys til tveggja ára í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 hreppsnefndarmenn og 2 utan hreppsnefndar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyr en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

### 6. gr.

Hreppsnefndin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndar.

### 7. gr.

Eigum hafnarjósðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

### 8. gr.

Hreppsnefndin má ekki án samþykkis Stjórnarráðsins selja eða veð-

setja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærrí lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árs-tekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

#### 9. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnar-  
virkja og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar, er heimilt að innheimta  
gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu  
höfn Siglufjarðarkauptúns, eins og takmörk hennar eru eða verða ákveðin  
með reglugjörðinni, svo og af farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Ljós-gjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farm-  
skrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki  
eru settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og önnur gjöld fyrir afnot af öðrum eigum hafnar-  
innar, skal ákveða í reglugjörð, er hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps semur, og  
Stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau  
og innheimta. Fela má hreppstjóra Hvanneyrarhrepps innheimtu þeirra.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin 1.—3. lið greinarinnar.

#### 10. gr.

Nú má álita, að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í  
10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hrepps-  
nefndin með sjerstöku samþykki ráðherra Íslands fyrir hvert ár ákveðið, að  
leggja megi aukatoll á að- og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó  
aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta  
innheimtir hreppstjórinn í Hvanneyrarhreppi, og fær 2% í innheimtulaun.  
Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

#### 11. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

#### 12. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hrepps-  
nefnd frumvarp til ályktunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári.  
Áætlun þessi skal rædd á hreppsnefndarfundi og fullsamin fyrir lok nóvem-  
bermánaðar. Áætlunin sendist Stjórnarráðinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt  
naudsýnlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

13. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki Stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda Stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki Stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sjer.

14. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sje, að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætludum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis Stjórnarráðsins til þess, að vikja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið, nje stofna til tekjuhállans.

15. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar.

Reikningana skal endurskoða af 2 endurskoðunarmönnum, er hreppsnefnd kys, en úrskurða af Stjórnarráðinu.

16. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugjörð, er hreppsnefndin semur og Stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættalausri nmferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 10—500 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

17. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugjörðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi nurnin lög nr. 37, 2. nóv. 1914 um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.